

REGLUGERÐ

um holræsi og holræsagjöld í Húnaþingi vestra.

1. gr.

Þegar sveitarfélagið hefur látið leggja holræsi í veg, götu eða annað opið svæði eða þar sem sveitarfélagið hefur tekið að sér viðhald og endurnýjun eldri holræsa, er þeim húseigendum er þar eiga hús að eða í námunda við skylt að leggja á sinn kostnað ræsi frá húsinu er flytji allt skólp frá því út í aðalræsi. Regnvatn af húsum og lóðum skal einnig eftir því sem unnt er leiða í ræsi. Vanræki einhver að láta gera holræsi frá húsi að göturæsi innan hæfilegs frests getur sveitarstjórn látið vinna verkið á hans kostnað. Sama gildir ef húseigandi vanrækir viðhald heimæðar.

2. gr.

Öll framkvæmdastörf sem holræsakerfi staðarins varða, svo sem viðhald, endurbætur, viðauka og umsjón alla annast sveitarstjórn eða þeir menn sem sveitarstjórn felur það undir hennar umsjón. Er engum heimilt að leggja ræsi í aðalræsi nema með leyfi þessara aðila og er mönnum skylt að hlíta í öllu fyrirmælum þeirra um gerð og legu ræsis og annað þess háttar er máli skiptir í sambandi við það.

Sveitarskrifstofa annast reikningshald og fjárreiður holræsagerðarinnar.

3. gr.

Kostnaður allur við holræsakerfið greiðist úr sveitarsjóði. Til að standa straum af þeim kostnaði ber hverjum húseiganda sem tengir heimæð við aðalæð að greiða allan kostnað af lagningu heimæðarinnar. Einnig ber hverjum húseiganda sem hús á við veg, götu eða opið svæði þar sem holræsi er lagt í að greiða holræsagjald til sveitarsjóðs sem miðast við fasteignamat húss og lóðar 0,20% samkvæmt fasteignamati eins og það er á hverjum tíma.

Tengigjald er kr. 11.500 fyrir hús með einni íbúð en auk þess kr. 3.200 fyrir íbúð umfram eina og fyrir atvinnuhúsnæði kr. 15.300. Gjöld þessi eru miðuð við byggingarvísitölu 236,6 stig og breytast samkvæmt henni.

4. gr.

Húseigandi ber ábyrgð á greiðslu holræsagjalds gagnvart sveitarsjóði. Kröfur sem sveitarstjórn kann að öðlast skv. 1. og 3. gr. má taka lögtaki á kostnað gjaldanda og eru gjöld þessi tryggð með lögveði í húseigninni í næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

Gjalddagar holræsagjalds eru sömu og fasteignaskatts.

5. gr.

Brot á reglugerð þessari varðar sektum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt lögum. Mál út af brotum á reglugerð þessari skal fara með að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi sem samin er og samþykkt af sveitarstjórn Húnaþings vestra staðfestist hér með samkvæmt X. kafla vatnalaga nr. 15/1923 til þess að öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi reglugerð um holræsi og holræsagjöld í Hvammstangahreppi nr. 414/1973, sbr. reglugerð nr. 213/1978, og reglugerð um holræsi og holræsagjöld á Laugarbakka, Ytri-Torfustaðahreppi í V-Húnavatnssýslu, nr. 542/1988.

Félagsmálaráðuneytinu, 15. mars 2000.

F. h. r.

Berglind Ásgeirsdóttir.

Sesselja Árnadóttir.

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá siðarnefndi ráða.